

# Styrkur og blíða

Kristín Jónsdóttir hefur um langt skeið verið huldukonan í íslenski myndlist. Næstum tuttugu ár eru liðin síðan verk hennar sáust síðast á almannafæri (1962), en þá var á engan hátt leitast við að varpa ljósi á feril hennar í heild. Það hefur því lengi verið brýnt að setja saman veglega sýningu á ævistarfi hennar þar sem Kristín skipar hreint ekki litinn sess í íslenski myndlist. Hún er fyrsta konan sem gerist myndlistarmaður hér á þessari öld, — reyndar sú fyrsta í aldaráir og hún er fyrst íslenskra myndlistarmanna til að taka til meðferðar störf alþýðunnar í myndum sínum. Þar fyrir utan er Kristín hinn ágætasti málarí og stendur tæknilega séð jafnfætis starfsbræðrum sínum í listinni.

## Miklir snúningar

Það lá því beint við að halda stóra yfirlitssýningu á verkum hennar á Listahátíð. En eins og að henni er staðið, þá er ég hræddur um að Kristín verði aftur gleymd eftir nokkur ár. Ég dreg engu dul á þá skoðun mína að yfirlitssýningu á nær skilyrðislaust að hengja upp í einhvers konar tímaröð þannig að áhorfandanum sé gert kleift að fylgjast með þróun listamannsins.

Upphenging af þessu tagi þarf alls ekki að vera frá A til Ö, án tilbrigða, heldur má einnig imynda sér niðurröðun eftir viðfangsefnum listamannsins sem síðan er hægt að

hengja í tímaröð. Sýning Kristínar er hins vegar hengd upp eins og um einkasýningu væri að ræða, eftir „auganu“, „smekk“ eða einhverjum öðrum tiktúrum þannig að það kostar áhugasaman sýningargest mikla snúninga, hlaup fram og aftur, til að komast til botns í heildinni. Þar fyrir utan vantar í sýninguna nauðsynlega vidd, teikningar Kristínar, að fjórum skólaskissum undanskildum. Þær þrjár teikningar sem Leifur Breiðfjörð hefur laumað inn í skrána sýna einmitt að hún var lipur og þróttmikill teiknari.

## Engin svör

En hafi nú þessi sami áhugasami sýningargestur náð að þræða sýninguna á enda og þurfi að fá svör við þeim spurningum sem vaknað hafa við skoðunina, þá er þýðingarlaut að leita svara í sýningarskránni. Þar er einungis stuttur en elskegur formáli eftir Þorvald Skúlason, yfirlit yfir sýningu og myndir. Reyndist Kristínu erfitt að fá að læra til myndlista? Þurfti hún að stríða við forðoma karlmanna? Hvernig gekk námið í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn fyrir sig? Hverjar fyrirmyndir valdi hún sér í listinni? Hvernig var kunningskap þeirra Muggs háttad? Hvernig leit hún á hlutverk sitt innan íslenskrar mynd-



Teikning.

## Af stakri smekkvísi

Kristín er í list sinni nær Jóni Stefánssyni en nokkrum öðrum, einkum í síðari myndum sínum. En hún er engan veginn eins myrk í máli og stíf í sniðum og Jón. Hún beitir megninu af litaskalanum af stakri smekkvísi, finleg blægrið eru hennar aðall og aldrei fellur hún í gryfju rómantískrar undirgefni andspænis móttífinu. Stundum er eins og

sínu, þá þrengist sjónhringur hennar og það er fjölskylda hennar sem leikur aðahlutverk í flestum mannamyndum hennar upp úr 1930. Við sjáum fjölskyldu úti í guðsgrænni náttúrunni og sumum myndanna svipar meira að segja til baðmynda Cézannes (nr. 3, Við Atlavík). Á öðrum stað sjáum við Engjakaffi (nr. 21) sem gaman væri að sjá við hlið sambærilegra mynda þeirra Jóns Stefánssonar og Gunnlaugs Scheving.

## Mikilfenglegt innlegg

En það er form mannsins fremur en sálarfræði sem Kristín leitast við að tjá og það kemur manni spáskt fyrir sjónir að sjá „portrettmynd“ þar sem helstu andlitsdrætti vantar (nr. 28). Og undarleg er glima listakonunnar við hið vinsæla suðræna myndefni, „Heilagur Antónius og freistingarnar“ (nr. 39). En þar með er ekki sagt að Kristín hafi ekki getað tjáð persónuleika. Portrett hennar at Hannesi Hafstein er mikilfenglegt innlegg í þá tegund myndlistar á Íslandi. Ekki held ég að nokkur leið væri að giska á hvort höfundur þeirrar myndar væri karl eða kona, — en sumir hafa gaman af slíkum leikjum.

## Innileg og hlýleg

Slíkar myndir eru opinber framlög listakonunnar og það er helst í blómamyndum sínum sem Kristín slær á léttari strengi, þar er hún bæði innileg og hlýleg.

Myndsýn Kristínar breytist eftir því sem árin liða. Þurrleg og nákvæm uppbygging mynda breytist smátt og smátt í frjálsligri og jafnframt dulari túlkun og það er freistandi að draga þá ályktun af þeirri breytingu að listakonnan hafi orðið bölsýnni með aldrinum. En í greinum hennar (ágætlega skrifuðum. . .) er engan bölmód að finna og ekki virtist Kristínu heldur detta í hug að sjá í verkum yngri listamanna fjandann upp málaðan. Þvert á móti hvatti hún þá til dáða. Um Kristínu Jónsdóttur vildi maður gjarnan fá að vita meir en það sem þessi sýning upplýsir.

Það var vel til fundið af Listahátíð að fela ýmsum listamönnum sérstök verkefni. Nokkur þeirra hafa nú séð dagsins ljós, önnur ekki, — barnaleikrit Guðbergs til dæmis.

## Ragnheiður með grafik

Einn þeirra útvöldu var Ragnheiður Jónsdóttir grafiker sem vann myndröð fyrir hátíðina. Sú röð er nú til sýnis að Kjarvalsstöðum og í Félagsstofnun stúdenta og nefnist „Ég er . . .“. Myndirnar eru sjö og eru að vissu leyti framhald á höfuðmyndum þeim sem Ragnheiður sýndi fyrst á afmælisýningu Íslenskrar Grafíkur í fyrrasumar. Við sjáum eins konar steinrunnin karlmannsaus sem þróast frá mynd til myndar. Hann er með tölvugleraugu, hljóðnema eða tappa í eyrunum og íslenskt dagblað utan á sér.

Eðlilegast virðist að túlka þetta sem umsögn listakonunnar um þá fjölmiðlamótun sem á sér stað í þjóðfélaginu upp á hvern dag. Hugmyndaflyg Ragnheiðar er ávallt sérkennilegt og hér hefur henni tekist að skapa eftirminnilegar tákmyndir.

-AÍ.



Kristín Jónsdóttir að störfum á yngri árum.

## LAUS STAÐA

Við Menntaskólann að Laugarvatni er laus til umsóknar kennarastaða í þýsku. Æskilegt er að umsækjendur geti jafnframt kennt frönsku og/eda dönsku.

Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir, ásamt ýtarlegum upplýsingum um námsferil og störf, skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, fyrir 6. júlí n.k. — Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu.

**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**  
9. JÚNÍ 1980.

## Kínversku fólksbíla- hjólbarðarnir komnir

Fást hjá umboðsmönnum víða um land og í Hjólbarðastöðinni, Skeifunni 5, Rvík.

Góð ending, gott verð.

**Reynir s/f — Blönduósi.**  
Einkaumboð á Íslandi. Sími 95-4400.

## TILBOÐ ÓSKAST

Tilboð óskast í neðangreindar bifreiðar sem skemmst hafa í umferðaróhöppum.

Subaru 1600	1978
Toyota Corolla	1977
Toyota Corolla	1973
Mercury Comet	1972
M. Benz 230	1972
Morris Marina	1973
Audi L 100	1975
Ford Escort	1975
Ford Escort	1973
Ford Custom Carp. 707	1972

Bifreiðarnar verða til sýnis að Hamarshöfða 2, (við hliðina á Mosaik) föstudaginn 13. júní frá kl. 12 til 17.


Einnig er til sölu Range Rover árg. 1978, óskemmdur í góðu lagi. Nánari upplýsingar veittar í síma 26466.

Tilboðum sé skilað á skrifstofu vora eigi síðar en mánudaginn 16. júní kl. 17.

**TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN H.F.,**  
ADALSTRÆTI 6, REYKJAVÍK. SÍMI 26466.



**LISTAHÁTÍÐ**  
1980



ADALSTEINN  
INGÓLFSSON



Í garði, 1952

listar? Hvers vegna verður hið langa hlé á sýningum hennar, frá 1936—1952 og hvers vegna sýnir hún ekkert eftir 1952? Þetta eru aðeins örfáar af þeim spurningum sem koma manni í hug við skoðun sýningarinnar.

## Blökk á blökk

Fyrir a.m.k. ári síðan hefði einhver átt að byrja á því að leita svara við þeim og öðrum slíkum, til birtingar í sýningarskrá. Nú er hætt við því að þessum málum verði ekki hreyft aftur í bráð.

Hvers konar málarí var svo Kristín Jónsdóttir? Af hinum evrópsk-expressjóniska skóla, þeim sama sem gat af sér verk Jóns Stefánssonar, Ásgrims og Jóns Þorleifssonar, svo nokkrir Íslendingar séu nefndir. Að baki þeim öllum stendur Cézanne, síður í gegnum norræna eða franska læriféður, kannski van Gogh líka. Öll litu þau á málverk sem sérstaka sköpun en ekki eftirlíkingu einhvers, háð eigin lögmálum. Háttur þeirra var sá að byggja upp verk sín blökk fyrir blökk, með litum sem í senn héldu eigin tilfinningagildi, en gætu einnig gefið form og fjarvidd til kynna. En innbyrðis eru þessir listamenn ólíkir, litróf þeirra er mismunandi svo og afstaða til myndefnis. Jón Stefánsson beitir djúpum, myrkum litum og ósveigjanlegri uppbyggingu, Ásgrímur notar oftast bjarta liti og hrindir af stað kvikum samskiptum þeirra innbyrðis o.s.frv.

Kristín gæti sín alveg sérstaklega á tilfinningasemi, en þetta verður til þess að hún virðist standa utan við myndir sínar, sé helst til hlutlaus þegar áhorfandinn fer fram á meiri tilfinningahita.

Kristín fór til Kaupmannahafnar árið 1909 og bjó sig þá undir listnám en síðan var hún í Konunglega listaháskólanum frá 1911—16. En hún er heima á Íslandi á sumrin og frá 1913—14 eru fyrstu markverðu myndirnar frá hennar hendi. Það hefði mátt búast við áhrifum Ásgrims í þessum fyrstu málverkum Kristínar, en það ber furðulega lítið á þeim.

## Sjónhringur þrengist

Helst er það í myndum eins og nr 52 (Hólar í Hjaltadal) og 63 (Úr Eyjafirði) að manni finnst vinnubragða Ásgrims gæta, en þau verk eru sárafa. Þess er að gæta að Kristín var þá þegar búin að kynnast danski málralist náði. En ekki vitum við hvað hún kann að hafa séð. Það er allrar athygli vert hve snemma Kristín tekur að mála íslenska alþýðu. Árið 1914 malar hún Fiskverkun við Eyjafjörð, áður en nokkur annar íslenskur málarí hafði leitað til atvinnuveganna að myndefni. Skyldi Kjarval hafa gotið augum á þá mynd áður en hann vann freskuna miklu í Landsbankanum? En þótt Kristín haldi áfram að fjalla um fólk í umhverfi